

**Sp. 294. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]**

um endurskoðun ferðamála með tilliti til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar.

Flm.: Jónas Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heina því til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram gagngera athugun og endurskoðun á skipan og framkvæmd ferðamála, með sérstöku tilliti til þess, að ferðaþjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og að þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar.

**Greinargerð.**

Ferðaþjónusta er þegar orðin stór þáttur í atvinnulífi landsmanna. Þarna eru augljósir enn meiri vaxtarmöguleikar, en miklu skiptir, hvernig á málunum verður haldið.

Ferðamálin snerta marga þætti þjóðlífsins og eru nátengd framkvæmd ýmissa stórra málaflokka, svo sem samgöngumála o. fl. En öðru fremur getur þróun ferðamála haft afdrifarík áhrif á byggðapróun í landinu, og gagnkvæmt getur aðdráttar-afl landsins og framtíð þess sem vinsæls ferðamannalands oltið á því, hvort tekst að viðhalda hér byggð um landið allt.

Ferðaútvægur hefur til þessa að langmestu leyti verið rekinn sem stórútvægur flugfélaga, skipafélaga, hótela og ferðaskrifstofa, sem eru með höfuðstöðvar í Reykjavík. Þangað hefur bróðurpartur fjármagnsins, sem þessu fylgir, runnið, og þar hefur megin-fjárfestingin í sambandi við þessi mál átt sér stað. Slíkur stórútvægur á okkar mælikvarða eins og rekstur flugfélaganna er að sjálfsögðu æskileg og nauðsynleg undirstaða annarrar þjónustu innanlands. Sú þjónusta þarf hins vegar alls ekki að vera bundin við höfuðborgina eina, heldur virðist liggja beint við, að hún verði einmitt veitt í þeim landshlutum og héruðum, sem með eigindum sínum draga að sér erlent og innlent ferðafólk.

Í þessum fjölbreytilega atvinnuvegi eru ótrúlega miklir möguleikar á rekstri smárra sem stórra eininga. Hann getur því verið til mikils stuðnings og uppfyllingar í byggðarlögum með einhæft atvinnulíf. Þannig hefur ferðaútvægur ekki síður vaxtar-skilyrði í strjálbýli en þéttbýli. Ferðaútvægur bænda og sveitafólks er í mörgum löndum gildur þáttur í atvinnulífi byggða, sem hafa mikil ferða- og útilífsverðmæti, en e. t. v. takmörkuð skilyrði til almenns búrekstrar. Það er reynsla þeirra þjóða, þar sem svo hagar til, að leggist hinn almenni búskapur niður í slíkum héruðum og fólk flytjist burt, tapa þau við það aðdráttarmætti og gildi í augum ferðafólksins. Því berjast t. d. Svisslendingar, Norðmenn og Svíar harðri baráttu fyrir því að viðhalda búskap á öllum slíkum svæðum.

Nokkrar umræður hafa þegar orðið um, að æskilegt væri að hvetja til aukins ferðaútvogs í sveitum, og hefur verið bent á marga möguleika til þessa, sem of langt yrði upp að telja hér. Síðasta Búnaðarþing hafði þetta mál til meðferðar, og vísast m. a. til ályktunar þess.

Áhugi á þessum málum er þegar fyrir hendi í ýmsum héruðum, og nægir að minna á, að stofnuð hafa verið áhugamannasamtök til að vinna að framgangi ferðamála í nokkrum héruðum. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa einnig sýnt þessu máli áhuga.